

**Skíðun utan brauta með FFA 2025**  
**Framhaldsnámskeið**  
**Febrúar til mars**

Ferð	Dagsetning	Vikudagur	Tími
1.	18. febrúar	Þriðjudagur (fimmtud. til vara)	17:30
2.	22. febrúar	Laugardagur (sunnud. til vara)	9:00/10:00
3.	25. febrúar	Þriðjudagur (fimmtud. til vara)	17:30
4.	1. mars	Laugardagur (sunnud. til vara)	9:00/10:00
5.	4. mars	Þriðjudagur (fimmtud. til vara)	17:30

**Fararstjórar áskilja sér rétt til að breyta dagsetningum ef veðurspá er óhagstæð eða af öðrum ástæðum sem ekki ræðst við.**

Á virkum dögum eru ferðirnar kl. 17:30 og um helgar kl. 9:00 eða 10:00. Ferðir á virkum dögum geta tekið um 2 - 3 tíma en ferðir um helgar um 4 - 7 tíma með akstri. Gert er ráð fyrir að fara á laugardegi en ef veður hamlar för þá er stefnt á sunnudag.

Þátttakendur þurfa að hafa einhverja reynslu af því að skíða á utanbrautargönguskíðum (gönguskíði sem eru breiðari en venjuleg brautarskíði og með stálköntum), geta beitt þeim og skíðað í 3 - 4 klst. Á námskeiðinu verður farið í ferðir um ótroðnar slóðir í nágrenni Akureyrar, þó ekki í miklu brattlendi. Markmiðið er að vera saman, læra á sjálfan sig og betur á skíðin og hafa gaman.

Hvert farið er hverju sinni fer eftir veðri, snjóalögum og öðrum aðstæðum. Tekin verður ákvörðun með fyrirvara og áskilja fararstjórar sér rétt til að breyta dagsetningum og leiðarvali ef veðurspá og snjóalög eru óhagstæð eða ganga ekki eftir. Upplýsingar um ferðir verða sendar tímanlega í tölvupósti og/eða á facebókarsíðu hópsins.

**Stefnt er að því að vera á nýjum stað í hvert skipti.**

Staðir sem koma til greina: Súlumýrar, Garðsárdalur, Hlíðarfjall, Dalsmynni, Víkurskarð, Þorvaldsdalur, Kaldbaksdalur og Vaglaskógur.

**Nauðsynlegur útbúnaður:**

Utanbrautargönguskíði, skór og stafir.

Ennisljós helst 300 lúm eða meira.

Þægilegur fatnaður til að ganga í.

Lítill bakpoki fyrir nesti og aukaföt.

Umsjónarmenn eru Anna Sigrún Rafnsdóttir [annasr45@gmail.com](mailto:annasr45@gmail.com) eða í síma 848-1090 og Bryndís Inda Stefánsdóttir [bryndisinda@gmail.com](mailto:bryndisinda@gmail.com) eða í síma 846-6952. Þær veita nánari upplýsingar ef óskað er.